

*Tollstjóri annars vegar og Tollvarðafélag Íslands hins vegar
gera með sér eftirfarandi samkomulag um nánari forsendur og reglur um
röðun starfaflokka við stofnunina skv. ákvæðum í
kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.*

1. gr.

Gildissvið

Samkomulag þetta tekur til allra félagsmanna í Tollvarðafélagi Íslands sem starfa hjá Tollstjóra.

2. gr.

Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með þessum stofnanasamningi:

- að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og tryggi jöfn laun fyrir sambærileg störf án nokkurs konar mismununar s.s. vegna kynferðis
- að gagnsæi og hlutlægni sé gætt við launaákvarðanir
- að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum Tollstjóra
- að bæta nýtingu rekstrarfjármuna og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu
- að stuðla að því að tekin verði upp starfsmannaviðtöl a.m.k. annað hvert ár

3. gr.

Starfaflokkar og starfsheiti

Launakerfi Tollstjóra byggir á eftirfarandi starfaflokkum og starfsheitum hjá félagsmönnum Tollvarðafélags Íslands þegar samkomulagið er undirritað. Til grundvallar röðun skal liggja fyrir starfslýsing viðkomandi tollvarðar:

3.1. Tollverðir (tímabundin ráðning)

Almenn störf við tollframkvæmd unnin undir verkstjórn tollsérfræðinga, varðstjóra, aðalvarðstjóra/tollfulltrúa, aðstoðaryfirtollvarða eða yfirtollvarða. Tollvörðurinn er settur tímabundið t.d. til sumarafleysinga eða hefur ekki hafið nám við Tollskólann.

3.2. Tollverðir (nemar í Tollskóla)

Almenn störf við tollframkvæmd unnin undir verkstjórn tollsérfræðinga, varðstjóra, aðalvarðstjóra/tollfulltrúa, aðstoðaryfirtollvarða eða yfirtollvarða. Tollvörðurinn er settur tímabundið og stundar nám við Tollskólann.

3.3. Tollverðir

Almenn störf við tollframkvæmd unnin undir verkstjórn tollsérfræðinga, varðstjóra, aðalvarðstjóra/tollfulltrúa, aðstoðaryfirtollvarða eða yfirtollvarða. Tollvörðurinn skal geta veitt fullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptamanna og starfsmanna embættisins og geta

BBH
AA
DI

Sr
HJ
mku